

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5/3 2015
Málenr:	1503092
Bréfsl:	0321



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík

sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340

postur@irr.is irr.is

Reykjavík 26. febrúar 2015

Tilv.: IRR14010261/21.11

Upplýsingar um úthlutanir og uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2014 voru birtar á vefsíðu sjóðsins, *jöfnunarsjodur.is*, eftir því sem þær lágu fyrir. Hreyfingalistar fjárhags vegna greiðslu framlaga úr sjóðnum á árinu 2014 bárust sveitarfélögum með bréfi dags. 9. febrúar sl. Í bréfinu voru starfsmenn sveitarfélaga hvattir til að hafa samband við sjóðinn ef skýringa á einstaka greiðslum væri þörf.

Hér á eftir eru veittar ítarlegri upplýsingar um úthlutanir og greiðslur einstakra framlaga úr sjóðnum á árinu 2014:

**Framlög til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti
Reglugerð nr. 80/2001 með síðari breytingum**

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti tekur mið af allt að 30% af lögbundnu framlagi frá ríki er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna á árinu 2014 nam samtals um 3.403,1 m.kr. og var áætlað uppgjör framlaganna sem fór fram í júlí, ágúst og september miðað við þá fjárhæð. Með hækjun á 2,12% framlaginu frá ríki á fjárukalögum 2014 hækkaði ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaganna um 217,9 m.kr. og nam samtals 3.621,0 m.kr. Uppgjör framlaganna; sem fór fram í desember, tók mið af þeirri fjárhæð. Um 15% hækjun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2013 og 2014.

Framlög vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum

Almennar húsaleigubætur: Reglugerð nr. 150/2013 - Samkomulag um húsaleigubætur

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu almennra húsaleigubóta tekur mið af 11,5% af lögbundna framlaginu frá ríki er nemur 2,12% og sérstökum viðbótarframlögum á grundvelli Samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og innleiðingar á nýju húsnæðisbótakerfi sem hófst á árinu 2013.

Á grundvelli fjárlaga ársins 2014 nam áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu almennra húsaleigubóta 3.023,5 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar sveitarfélaga um greiðslur bótanna á árinu 2014 samþykkti ráðgjafarnefnd sjóðsins að leggja til að greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs næmi 66% á árinu 2014. Með hækjun á 2,12% framlaginu frá ríki á

fjáraukalögum 2014 hækkaði ráðstöfunarfármagn sjóðsins til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta um 131,9 m.kr. Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefnd sjóðsins að leggja til hækkun á greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs úr 66% í 68% og fór uppgjörsgreiðsla framlaga vegna almennra húsaleigubóta fram 9. febrúar sl. Heildargreiðsla sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2014 nam 4.617,9 m.kr. Um 7,9 % hækkun var á greiðslum bótanna milli áranna 2013 og 2014. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu námu samtals 3.154,1 m.kr. Þar af námu leiðréttigar vegna fyrri ára 13,9 m.kr.

Á grundvelli heimildar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 150/2013 var á árinu 2014 gerð breyting á greiðslufyrirkomulagi framlaga vegna almennra húsaleigubóta. Í stað ársfjórðungslegra greiðslna bárust sveitarfélögum tvær mánaðarlegar innborganir inn á áætlað framlag viðkomandi ársfjórðungs og verður sama verklag viðhaft á árinu 2015.

Sérstakar húsaleigubætur: Samkomulag um húsaleigubætur

Greiðslur Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna sérstakra húsaleigubóta byggja á Samkomulagi um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Eins og kveðið er á um í samkomulaginu nemur greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs 60%. Á árinu 2014 námu heildargreiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum 1.349,1 m.kr. og framlög Jöfnunarsjóðs 809,5 m.kr.

Tekjujöfnunarframlög

12. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með síðari breytingum

Í október sl. lá fyrir áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 samtals að fjárhæð 1.248,2 m.kr. og komu 3/4 hlutar framlaganna eða 853,9 m.kr. til greiðslu 15. október 2014.

Áætlunin um úthlutun tekjujöfnunarframlaganna var tekin til endurskoðunar í desember á grundvelli leiðrétrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga og voru hámarkstekjur á íbúa í sveitarfélögum leiðréttar á grundvelli álagningarstofns útsvars með áorðnum breytingum í desember 2014 vegna tekna ársins 2013.

Endanleg úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2014 nam samtals 1.248,2 m.kr. Óveruleg hækkun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2013 og 2014.

Einungis kom til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningaráutsvars.

Útgjaldajöfnunarframlög

13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 með síðari breytingum

Framlögin skipast í A- og B- hluta. Til A-hlutans teljast íbúafjöldatengd framlög, framlög vegna fjarlægða innan sveitarfélaga, framlög vegna fjölda þéttbýlisstaða umfram einn, framlög vegna fækkunar íbúa og framlög vegna snjómoksturs í þéttbýli á snjóþyngstu svæðum landsins. Undir B-hlutann falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2014 frá því í mars var gert ráð fyrir að framlögin næmu í heild sinni 6.050,0 m.kr. Þar af námu framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli 750,0 m.kr. og komu 575,0 m.kr. til úthlutunar strax. Útgjaldajöfnunarframlögin voru greidd með jöfnum greiðslum mánuðina janúar - nóvember 2014. Við hverja greiðslu framlaganna var haldið eftir 10% af áætuðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins yrði minna á árinu eða útgjöld meiri en áætlað var.

Þeim sveitarfélögum, sem töldu sig hafa orðið fyrir íþyngjandi kostnaði vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu umfram hlutdeild þeirra í 575,0 m.kr., sem komið höfðu til úthlutunar, gafst kostur á í desember að sækja um viðbótarframlag. Til úthlutunar kom viðbótarframlag samtals

að fjárhæð 187,4 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli námu því samtals 762,4 m.kr. á árinu 2014.

Í ljósi hækunar á lögbundnu framlögunum frá ríki á árinu 2014 á grundvelli fjáraukalaga gafst ráðrúm til hækunar framlaga innan A-hlutans úr 5.300,0 m.kr. í 6.000,0 m.kr. eða um 700,0 m.kr. Með tilvísun til þessa nam heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2014 um 6.762,3 m.kr.

Uppgjör útgjaldajöfnunarframlaga ársins fór fram 18. desember 2014 að undangenginni endurskoðun á úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttir hámarkstekna á íbúa í hverju sveitarfélagi.

Um 11% hækjun var á úthlutun framlaganna milli áranna 2013 og 2014.

Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla

Á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um úthlutun framlaganna á árinu 2014 frá því í mars var gert ráð fyrir því að framlögin í heild sinni næmu 5.725,0 m.kr. að viðbættum leiðrétingum vegna framlaga ársins 2012 að fjárhæð 60,0 m.kr. Áætlun sjóðsins um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2014 nam því samtals 5.785,0 m.kr.

Tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarástofni útsvars vegna yfirlæslu grunnskólans urðu hærri en áætlað var og greiðslur til sveitarfélaga á almennu jöfnunarframlagi á árinu 2014 því hærri eða samtals um 5.946,2 m.kr. Þar af voru leiðrétingar vegna ársins 2012 að fjárhæð 60,0 m.kr. eins og áður hefur komið fram. Um 10% hækjun var á úthlutun og greiðslum framlaganna milli áranna 2013 og 2014.

Framlagið vegna ársins 2014 verður tekið til endurskoðunar á grundvelli endanlegs álagningarástofns útsvars þess árs í árslok 2015 og leiðrétt með framlögum ársins 2016.

Framlög til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Reglugerð, nr. 23/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Á grundvelli viðauka frá 5. mars 2014 við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga greiddi Jöfnunarsjóður framlög til sveitarfélaga á árinu 2014 til eflingar tónlistarfæðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Á móti tóku sveitarfélögin yfir verkefni frá ríki sem námu 230 m.kr.

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaganna, sem greitt var úr ríkissjóði, nam samtals 520,0 m.kr. Jöfnunarsjóður innheimti hlutdeild sveitarfélaga í verkefnunum frá ríki á grundvelli íbúafjölda með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá greiðslum á framlögum sjóðsins.

Á grundvelli 1. gr. reglugerðarinnar greiddi sjóðurinn framlög til kennslusveitarfélaga vegna miðnáms í söng og framhaldsnáms í söng- og hljóðfæraleik. Á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar greiddi sjóðurinn framlög til lögheimilissveitarfélaga vegna þeirra nemenda sem þurftu af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæraleik. Forsenda fyrir greiðslu framlaga á grundvelli 7. gr. er að námið sé metið til eininga í framhaldsskóla.s

Framlögin komu til greiðslu mánaðarlega.

Framlög vegna yfirsærslu á málefnum fatlaðs fólks

Hvað framlög vegna yfirsærslu á málefnum fatlaðs fólks varðar þá er greint frá þeim í bréfi til forsvarsmana viðkomandi þjónustusvæða sem einnig er dagsett 26. febrúar 2015.


Hvað úthlutanir og greiðslur annarra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2014 varðar þá hafa viðkomandi sveitarfélögum borist sérstök bréf þar að lútandi.

Sveitarfélögum er bent á að hægt er að gerast áskrifandi að fréttum frá Jöfnunarsjóði með því að fara inn á vefsíðu sjóðsins jofnunarsjodur.is/Áskrift að fréttum.

Jafnframt er bent á að Hagstofa Íslands annast hýsingu á töflum fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hafa að geyma upplýsingar um öll framlög sjóðsins til sveitarfélaga og ýmissa stofnana sveitarfélaga allt frá árinu 2006. Töflurnar hafa nú verið uppfærðar hvað varðar framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á ári

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Halldór V. Kristjánsson

**YFIRLIT YFIR ENDANLEG FRAMLÖG
JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA Á ÁRINU 2014**

SVEITARFÉLAG: 1400

Hafnarfjarðarkaupstaður

REGLUGERÐ 960/2012:

Framlag vegna sameiningar sveitarfélaga	
Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga.....	
Tekjujöfnunarframlög ..	
Útgjaldajöfnunarframlög.	

REGLUGERÐ 351/2002:

Almennt framlag til reksturs grunnskóla.....	523.202.286
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	95.300.000
Framlag vegna nýbúafræðslu	25.680.000
Önnur framlög.....	
Framlag vegna skólabúða á Reykjum.....	

REGLUGERÐ 122/2003 OG SAMKOMULAG UM HÚSALEIGUBÆTUR FRÁ 1.4. 2008:

Framlög vegna almennra húsaleigubóta ¹	260.997.919
Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta ²	81.562.012

REGLUGERÐ 80/2001:

Framlög vegna breytinga á álagningstarstofni mannvirkja

REGLUGERÐ 23/2013:

Framlög til eflingar tónlistarnámi	15.394.127
--	------------

¹ Úthlutun tekur mið af 68,0 % af greiðslum sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta.

² Úthlutun tekur mið af 60,0 % af greiðslum sveitarfélaga vegna sérstakra húsaleigubóta.

/